

Professional Allround

Alhliða límspartl

Efnislýsing

Professional Allround er alhliða léttspartl sem fyllir einstaklega vel og rýrnar lítið. Spartlið er hentugt til notkunar í nýbyggingum sem og eldra húsnæði. Það er notað við hvers konar spörtlun á byggingarplötum og steiptum flötum, ópússuðum sem pússuðum. Professional Allround hentar sérlega vel til spörtlunar á borða á gips- og veggfóðurssamskeytum en einnig á málaða, mattslípaða fleti í þurrum rýmum innanhúss.



Meðhöndlun

Undirlag skal vera hreint og þurrt og vel bundið án lauss yfirborðslags. Við pússun á spartlaða fletinum er mælt með notkun rykgríma og verndun augna.

Heilsufars- og umhverfismál

Við pússun eða þegar spartlið er fjarlægt með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal spartla í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta spartlfötuna standa opinna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella spartleifum eða hreinsivökva í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss
Bindiefni: Latexþeytulausn
Kornastærð: Mest 0,16 mm
Þéttleiki: 1,3
Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 4 klst en veltur mjög á þykkt spartls
Mesta þykkt: Um 4 mm
Lágmarkshiti við spörtlun: +5°C
Rakastig: 40-80%, kjörrakastig 65%
Þyning: Vatn
Verkfæri: Spartlspaðar
Efnið í notkun: Auðvelt að slípa
Hreinsun: Sápuvatn
Litur: Gráleitt
Umbúðir: 10 lítra fötur
Geymsla: Í frostfríu rými

Í samræmi við kröfur um CE-merkingar samkvæmt tilskipun EN 13963 og EN 15824.